

Fundargerð 538

Þriðjudaginn 25. júní 2024 kom stjórn Byggðastofnunar saman á fundi að Sauðármýri 2, Sauðárkróki. Þessir stjórnarmenn sátu fundinn; Óli Halldórsson (ÓH) formaður, Guðný Hildur Magnúsdóttir (GHM), Halldóra Kristín Hauksdóttir (HKH), Haraldur Benediktsson (HB), Karl Björnsson (KB), María Hjálmarsdóttir (MaH) og Oddný Árnadóttir (OÁ). Auk þeirra sátu fundinn Arnar Már Elíasson (AME) forstjóri, Sigurður Árnason (SÁ) sérfræðingur á þróunarsviði, Pétur Friðjónsson (PF) sérfræðingur á fyrirtækjasviði og Hjalti Árnason (HÁ) forstöðumaður lögræðisviðs sem jafnframt ritaði fundargerð.

Formaður setti fund kl. 9:00 og liggur eftirfarandi dagskrá fyrir fundinum:

1. Aflamark Byggðastofnunar
 - a) Val á samningsaðilum – til afgreiðslu
 - b) Skýrsla Ríkisendurskoðunar – til kynningar
2. Uppfærsla á lánaflakki til viðkvæmra byggðalaga – til afgreiðslu
3. Önnur mál
4. Næsti fundur

Öll gögn sem vísað er til í fundargerðinni voru aðgengileg í fundargátt stofnunarinnar fyrir fundinn nema annað sé tekið fram.

1. Aflamark Byggðastofnunar

- a) *Val á samningsaðilum – til afgreiðslu*

Fyrir fundinum liggur fundargerð 34. fundar Aflamarksnefndar Byggðastofnunar frá 14. júní 2024 þar sem eru samþykktar tillögur nefndarinnar um val á samningsaðilum um aflamark Byggðastofnunar fiskveiðiárin 2024-2030. Jafnframt liggja fyrir fundinum umsagnir sveitarfélaga (sem borist hafa) auk minnisblaðs sérfræðinga stofnunarinnar sem SÁ og PF kynntu.

ÓH fór almennt yfir stöðu mála varðandi gögn sem hafa borist honum og stofnuninni og hvernig unnið yrði úr þeim málum.

Umsókn um aflamark Byggðastofnunar á Tálknafirði.

Tillaga: Lagt er til afgreiðslu umsókna verði frestað þar sem umsögn Vesturbyggðar hefur ekki borist.

Til máls tóku AME, OÁ, ÓH, HKH, HÁ, GHM, PF, HB og SÁ

Afgreiðsla: Samþykkt samhljóða.

Umsókn um aflamark á Þingeyri.

Tillaga aflamarksnefndar: Lagt er til að forstjóra verði falið að ganga til samninga við Íslenskt sjávarfang ehf. um nýtingu á allt að 500 þorskígildistönnum á ári á grundvelli umsóknar þeirra til næstu sex fiskveiðiára. Umsögn Ísafjarðarbæjar hefur borist stofnuninni og er jákvæð.

Afgreiðsla: Formaður bar tillöguna upp og var hún samþykkt samhljóða.

Umsókn um aflamark Byggðastofnunar á Suðureyri.

Tillaga Aflamarksnefndar: Lagt er til að forstjóra verði falið að ganga til samninga við Fiskvinnsluna Íslandssögu hf. og samstarfsaðila um nýtingu á allt að 500 þorskígildistönnum á ári á grundvelli umsóknar þeirra til næstu sex fiskveiðiára. Umsögn Ísafjarðarbæjar hefur borist stofnuninni og er jákvæð.

Afgreiðsla: Formaður bar tillöguna upp og var hún samþykkt samhljóða.

Umsókn um aflamark Byggðastofnunar á Drangsnesi.

Tillaga Aflamarksnefndar: Lagt er til afgreiðslu umsóknar verði frestað þar sem umsögn sveitarfélags hefur ekki borist.

Afgreiðsla: Formaður bar tillöguna upp og var hún samþykkt samhljóða.

Umsókn um aflamark Byggðastofnunar á Hólmavík.

Tillaga aflamarksnefndar: Lagt er til að forstjóra verði falið að ganga til samninga við Vilja fiskverkun ehf. og samstarfsaðila um nýtingu á allt að 500 þorskígildistönnum á ári á grundvelli umsóknar þeirra til næstu sex fiskveiðiára. Umsögn sveitarstjórnar Strandabyggðar liggur fyrir og er jákvæð.

Til máls tóku KB, PF og GHM

Afgreiðsla: Formaður bar tillöguna upp og var hún samþykkt samhljóða.

Umsókn um aflamark Byggðastofnunar í Hrísey.

Tillaga Aflamarksnefndar: Lagt er til að forstjóra verði falið að ganga til samninga við Hrísey Seafood ehf. um nýtingu á allt að 350 þorskígildistönnum á ári á grundvelli umsóknar þeirra til næstu sex fiskveiðiára. Umsögn Akureyrarbæjar hefur borist stofnuninni og er jákvæð.

Afgreiðsla: Formaður bar tillöguna upp og var hún samþykkt samhljóða.

Umsókn um aflamark Byggðastofnunar á Raufarhöfn og ósk Norðurljóða um aukinn kvóta á Raufarhöfn.

Tillaga aflamarksnefndar: Lagt er til að forstjóra verði falið að ganga til samninga við GPG Seafood ehf. um nýtingu á allt að 500 þorskígildistonnum á ári á grundvelli umsóknar þeirra til næstu sex fiskveiðiára. Einnig er lagt til að umsókn Möðruvalla ehf. verði hafnað. Umsögn Norðurljóða hefur borist stofnuninni og gerir sveitarfélagið ekki athugasemdir við tillöguna.

Auknum byggðakvóta umfram ofangreint, í samræmi við erindi sveitastjórnar Norðurljóða til stjórnar dagsett 16. ágúst 2023, er ekki til að dreifa.

Til máls tóku ÓH og HÁ

Afgreiðsla: Formaður bar tillöguna upp og var hún samþykkt samhljóða.

Umsókn um aflamark Byggðastofnunar á Bakkafirði.

Tillaga Aflamarksnefndar: Formaður leggur til að afgreiðslu umsókna verði frestað þar sem umsögn sveitarfélags barst seint auk þess sem talið er að kanna og upplýsa þurfi stöðuna á Bakkafirði betur vegna gagna og upplýsinga sem borist hafa stofnuninni skömmu fyrir fund stjórnar.

Til máls tóku ÓH, HÁ, SÁ, KB, HKH, PF, GHM, AME, HB og MaH

Afgreiðsla: Formaður bar tillöguna upp og var hún samþykkt samhljóða.

Umsókn um aflamark Byggðastofnunar á Borgarfirði eystra.

Tillaga Aflamarksnefndar: Lagt er til að afgreiðslu umsóknar verði frestað þar sem umbeðin gögn hafa ekki borist frá umsóknaraðilum.

Afgreiðsla: Formaður bar tillöguna upp og var hún samþykkt samhljóða.

Umsókn um aflamark Byggðastofnunar á Breiðdalsvík.

Tillaga Aflamarksnefndar: Lagt er til að forstjóra verði falið að ganga til samninga við Goðaborg ehf. og Gullrúnu ehf. um nýtingu á allt að 400 þorskígildistonnum á ári á grundvelli umsóknar þeirra til næstu sex fiskveiðiára. Umsögn Fjarðabyggðar hefur borist stofnuninni og er jákvæð.

Afgreiðsla: Formaður bar tillöguna upp og var hún samþykkt samhljóða.

Umsókn um aflamark Byggðastofnunar á Djúpavogi.

Tillaga Aflamarksnefndar: Lagt er til að forstjóra verði falið að ganga til samninga við Ósnes ehf. og samstarfsaðila um nýtingu á allt að 350 þorskígildistonnum á ári á grundvelli umsóknar þeirra til næstu þriggja

fiskveiðirá. Umsögn Fjarðabyggðar hefur borist stofnuninni og er jákvæð.

Afgreiðsla: Formaður bar tillöguna upp og var hún samþykkt samhljóða.

Umsókn um aflamark Byggðastofnunar í Grímsey.

Tillaga Aflamarksnefndar: Lagt er til að afgreiðslu umsókna verði frestað og aðilar hvattir til samstarfs.

Til máls tóku OÁ, ÓH, GHM, HÁ og SÁ

Afgreiðsla: Formaður bar tillöguna upp og var hún samþykkt samhljóða.

b) Skýrsla Ríkisendurskoðunar um byggðakvóta sem tekin var saman að beiðni Alþingis.

Fyrir fundinum liggur skýrsla Ríkisendurskoðunar sem SÁ kynnti. Stjórn lýsir ánægju sinni með vinnu starfsfólks stofnunarinnar við verkefnið um Aflamark Byggðastofnunar og stjórnýslu þar að lútandi. Umsýsla Byggðastofnunar varðandi sértækan byggðakvóta er talin góð í skýrslunni og þegar hefur verið brugðist við ábendingum sem fram komu í henni varðandi Byggðastofnun.

Til máls tóku AME, HB, MaH, SÁ, ÓH, GHM, KB, HKH, OÁ og HÁ

2. Uppfærsla á lánaflakki til viðkvæmra byggðarlaga – til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur minnisblað um skilyrði lánaflakks til viðkvæmra byggðarlaga og sameiningu lánaflakka frá forstjóra og forstöðumanni fyrirtækjasviðs sem AME kynnti.

Til máls tóku ÓH og MaH.

Tillaga: Lagt er til að lánaflakarnir *lán til fiskvinnslu/útgerða í viðkvæmum sjávarbyggðum* og *lán til brothættra byggðarlaga* muni eftirleiðis sameinast í flokkinn lán til viðkvæmra byggðarlaga með þeim vaxtakjörum og skilyrðum sem greinir í minnisblaðinu.

Afgreiðsla: Formaður bar tillöguna upp og var hún samþykkt samhljóða.

3. Önnur mál

Stjórnarformanni hefur borist erindi frá Finnboga Vikar Guðmundssyni varðandi úthlutun aflamarks Byggðastofnunar á Bakkafirði. ÓH kynnti erindið og var það rætt undir liðnum *Aflamark Byggðastofnunar - Bakkafjörður*

Til máls tóku allir stjórnarmenn.

Stjórnarformaður minnti stjórnarmenn á umræðu varðandi óstaðbundin störf sem ræða þarf á fundi stjórnar í ágúst. Erindi hefur borist frá innviðaráðuneyti um málefnið.

Stjórnarformaður reifaði hugmyndir um sértækar aðgerðir í byggðamálum sem stofnunin gæti beitt sér fyrir og rétt væri að velta fyrir sér á fundi stjórnar í ágúst.

Til máls tóku KB, HB, ÓH og AME

Forstjóri greindi frá fyrirhugaðri heimsókn HMS til Byggðastofnunar og reifaði mögulegan fund stjórna stofnananna tveggja við tækifæri. Stjórn tekur undir hugmyndina og telur mikilvægt að kanna hugsanlega snertifleti starfsemi stofnananna.

Til máls tóku allir stjórnarmenn.

4. Næsti fundur

Samkvæmt starfsáætlun stjórnar er næsti fundur fyrirhugaður 29. ágúst 2024 en formaður vakti athygli á því að líklega þurfi að kalla stjórn saman fyrr (á fjarfundi) til þess að afgreiða tillögur um úthlutun aflamarks Byggðastofnunar sem frestað var á þessum fundi. Forstjóri gerir tillögu að þeim fundartíma þegar tilefni verður til.

Fundi slitið kl. 11:11

Hjalti Árnason fundarritari

Óli Halldórsson

María Hjálmarsdóttir

Karl Björnsson

Haraldur Benediktsson

Oddný Árnadóttir

Halldóra Kristín Hauksdóttir

Guðný Hildur Magnúsdóttir